



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

16.1.2014

Efni: Urðunarstaður við Búðardal í Dalabyggð - Lokunaráætlun.

Við er til bréfs Umhverfisstofnunar þann 20. desember 2013 um tilmæli um úrbætur – tímasetta áætlun vegna frávíks um urðunarstað Dalabyggðar við Búðardal. Þar var óskað eftir staðfestingu á að urðun sé hætt á urðunarstaðnum og lokunaráætlun fyrir staðinn fyrir 14. Janúar 2014. Að öðrum kosti verði tekið til skoðunar að áform um að veita urðunarstað Dalabyggðar áminningu. Einnig var hvatt til þess að rekstraraðili flyti undirbúningsvinnu vegna nýs starfsleyfis eins og kostur er og sendi inn umsókn um starfsleyfi fyrir nýjan urðunarstað sem allra fyrst.

Vegna þessa vill Dalabyggð koma eftirfarandi tímaáætlun á framfæri.

- Þann 6. desember 2013 var Skiplagsstofnun send fyrirspurn um matskyldu fyrir nýjan urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í Dalabyggð og nágrenni.
- Samhliða þessu er unnið að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar og gerð deiliskipulags fyrir nýjan urðunarstað.
- Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínu þann 17. desember 2013 að auglýsa skipulagsbreytinguna.
- Þegar niðurstaða Skipulagstofnunar um matskyldu liggur fyrir verður umsókn um starfsleyfi undirbúin. Gert er ráð fyrir að umsókn um starfsleyfi geti verið tilbúin í janúar/febrúar 2014 og verði þá send inn ásamt auglýstu aðal- og deiliskipulagi.
- Þegar skipulagsferli er lokið og starfsleyfi liggur fyrir er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við nýjan urðunarstað. Vonast er til að það geti gerst sumarið 2014.
- Þá verður óvirkt efni sem ekki nýtist við frágang á eldri stað fjarlæggt og flutt á nýjan urðunarstað.
- Gert er ráð fyrir að búið verði að ganga frá yfirborði og sá í jarðveg 1. september 2014.
- Vöktun samkvæmt lokunaráætlun hefjist haustið 2014.

Meðfylgjandi er lokunaráætlun fyrir urðunarstað Dalabyggðar við Búðardal.

Virðingarfyllt,
Axel Valur Birgisson, Mannvit.

Afrit.: Dalabyggð

Lokunaráætlun urðunarstaðar Dalabyggðar við Búðardal

Inngangur

Lokunaráætlunin tekur mið af greinum um frágang í nýlegum starfsleyfum urðunarstaða, og kröfum skv. grein 23. og 24. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

■ *Stutt samantekt um urðunarstaðinn.*

Um er að ræða urðunarstað sem staðsettur er rúmlega 500 metra norðan við byggðina í Búðardal við Þjóðveg 60, Vestfjarðaveg. Engin byggð er nær svæðinu en 500 m. Núverandi ófrágengið svæði er um 0,5 hektarar (sjá staðsetningu á meðfylgjandi yfirlitsmynd).

Staðurinn er á vel þurru landi um 100 m vest norðvestur af Þjóðvegi 60. Staðurinn er 30 m til 50 m frá bröttum fjörुकanti við botn Hvammsfjarðar. Lítil hætta er á sjávarrofi. Ekkert yfirborðsvatn er í nágrenni staðarins. Suðvestan við staðinn eru ræktuð tún milli þjóðvegarins, byggðarinnar og sjávar. Ofan og neðan við staðinn er stutt niður á fast (um 2 m), grunnvatn litið þannig að sýnatökuholur geta þornað þó þær ná niður á fast. Mikill halli er á grunnvatnsborði.

Staðurinn hefur verið í notkun lengi og þar var almennur urðunarstaður áður en Sorpurðun Vesturlands í Fíflholti tók til starf. Síðasta starfsleyfi urðunarstaðarins tók til urðunar óvirks úrgangs, en einnig jarðgerðar á garðaúrgangi og geymslu á timbri, samtals allt að 500 tonn á ári. Enginn hættulegur úrgangur hefur því verið urðaður á staðnum svo vitað sé.

Ekki hefur verið urðað á staðnum á árinu 2013, en nokkuð er þar af ófrágengu efni til geymslu.

■ *Tímasett áætlun um frágang svæðisins.*

Nú þegar hefur verið gengið frá jöfnun á stærstum hluta svæðisins. Gert er ráð fyrir að jafnað verði úr það svæði sem enn er ófrágengið þannig að vatnshalli myndist frá miðju staðarins og út til hliðanna. Eftir jöfnun staðarins verður sáð í opin svæði til að hefta fok lausra jarðefna. Umframefni verður þó fyrst fjarlæggt og urðað á nýjum urðunarstað. Að lokum verður svæðið grætt upp með staðargróðri þannig að það falli sem best inn í landið.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi tímaáætlun varðandi frágang svæðisins:

Sumar 2014 Fjarlægja umframefni af svæðinu og grófjöfnun ójafnaðs svæðis.

Haust 2014 Sáning í rofin svæði.

Vor og sumar 2015 Endanlegur frágangur svæðisins og uppgræðsla.

■ *Áætlun um viðhald staðarins, vöktun hugsanlegrar mengunar og vöktun veðurfars (sjá kröfur í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs).*

Í því starfsleyfi sem hefur verið í gildi fyrir urðunarstaðinn eru ákvæði um mælingar og eftirlit. Rekstraraðil mælir reglulega efni og eðlisþætti í tveimur sýnatökuholum við urðunarstaðinn sbr. grein 4.3 í starfsleyfi.

Árlegar mælingar eða eftir þörfum eru gerðar á vatnssýnum frá urðunarstaðnum. Tvær mæliholur eru notaðar og eru þær merktar sem sýnatökustaðir á meðfylgjandi korti. Niðurstöður mælinga á

sigvatni hafa verið innan marka, þó svo að nokkur áhrif virðist greinanlega á hitastig, leiðni og næringarefni. Grunnvatn er lítið og sveiflukennt og þornar jafnvel alveg upp.

Sé lítið á veðurfarsleg skilyrði og einkenni urðunarstaðarins þá má telja að aðstæður við norðan við Búðardal séu í nokkuð góðu jafnvægi. Lítil möguleiki er á að staðnum sé hætta búinn af flóðum þar hann stendur efst á kambi og ekkert yfirborðsvatn getur safnast saman á svæðinu. Fjörुकamburinn neðan við staðinn er stöðugur.

Í ljósi þess takmarkað umfangs sem verið hefur á staðnum og þar sem undanfarin ár hefur einungis óvirku úrgangur verið urðaður, auk meðhöndlunar garðaúrgangs leggur Dalabyggð til eftirfarandi vöktunaráætlun fyrir staðinn:

1. Vöktun verði með sama hætti og kveðið er á um í grein 4.3 í núverandi starfsleyfi urðunarstaðarins:

Efni	Losunarmörk
NH ₄ ⁺	10 mg/l
NO ₃	50 mg/l
Súrefnisþörf (COD)	200 mg/l

Einnig skal greina eðlisþætti eins og sýrustig (pH), hitastig (°C) og leiðni (μS/cm).

2. Lagt er til að tíðni mælinga verði með framangreindum hætti fyrir árið 2014 og mælingar fari fram í september. Þær mælingar verði síðan endurteknar eftir 1 ár (2015), síðan aftur árið 2018. Að því loknu verður metið hvort frekari mælinga sé þörf.

■ *Upplýsingar um framtíðarnýtingu svæðisins.*

Ljóst er að við lokun svæðisins breytist landnotkun en ekki hefur verið að svo stöddu tekin ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins. Ekki er þörf á landinu til sérstakra nota á þessu stigi. Því er gert ráð fyrir að landið fá að gróa upp og þar vaxi náttúrulegur gróður svæðisins. Nýting til lengri framtíðar verður væntanlega tekin fyrir við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

■ *Fullnægjandi starfsleyfistrygging sem gildir í 30 ár frá lokun.*

Urðunarstaðir þurfa tvennskonar tryggingu á rekstartíma:

- 1) Ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.
- 2) Starfsleyfistryggingu skv. 17. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Eftir lokun urðunarstaðarins er ekki skylda að hafa ábyrgðartrygginguna en starfsleyfistryggingin þarf að gilda í 30 ár eftir lokun. Þetta ákvæði gildi þó ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

Dalabyggð hefur nú þegar sent Umhverfisstofnun ábyrgðatryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda (áhættumat og viðbragðsáætlanir send Umhverfisstofnun 26. október 2011, sjá meðfylgjandi skjöl).

Vegna eðlis urðunarstaðarins óskar Dalabyggð eftir því að engrar fjárhagslegrar tryggingar verði krafist vegna áframhaldandi eftirlits.

Sveitarfélagið áætlað að óska eftir lokaskoðun Umhverfisstofnunar á vettvangi í lok október árið 2015 og þá muni niðurstöður vöktunar fyrir 2014 og 2015 liggja fyrir.



MANNVIT



● Sýnatökuholur

0 50 100
metrar

Sýnatökustaðir

Urðunarstaður - Búðardalur

Kortagrunnur: Dalabyggð/Lofmyndir ehf.
Hnitakerfi: ISN93
Verknúmer: 1-551-206
Tilknáð: RH
Dagsetning: 22.05.2013





Umhverfisstofnun
Sigrún Guðmundsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Tilvísun: 1.561.206

18. nóvember 2011

Varðar: Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna urðunar úrgangs á fyrrverandi urðunarstað við Búðardal í Dalabyggð. Upplýsingar vegna áhættumats í samræmi við lög um varnir hafs og stranda nr. 33/2004.

Vísað er í bréf Umhverfisstofnunar vegna reglubundins eftirlits með meðhöndlun úrgangs hjá Dalabyggð, dags. 7. október 2011. Í bréfinu er óskað eftir áhættumati og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun. Viðbragðs- og neyðaráætlun er send Umhverfisstofnun samhliða þessu bréfi. Markmiðið með þeirri áætlun er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á urðunarstaðnum.

Tekið er mið af b-lið í I viðauka laga nr. 33/2004 en þar eru þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni fyrir umhverfi haf og stranda og eru þeir eftirfarandi:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Á urðunarstaðnum í Dalabyggð er engin móttaka spilliefna heldur eru þau flutt til Efnamóttökunar.

Ekki er því um að ræða önnur efni en olíu á vinnuvélar. Hefðbundnar vinnuvélar á urðunarstöðum eru með um 100-400 lítra eldsneytistank. Á urðunarstaðnum er ekki daglegur rekstur vinnuvéla heldur er notkun þeirra um 1-2 í mánuði og því er ekki um að ræða umtalsvert magn af olíu í umferð á svæðinu.

2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.

Um er að ræða þunnfljótandi gasolíu. Ef olíuleki verður sest hún í jarðveginn og er tiltölulega viðráðanleg til uppmoksturs.

3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.

Urðunarstaðurinn er staðsettur skammt frá þjóðvegi nr. 60 í um 75 metra fjarlægð frá sjó.

4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.

Engin bráð áhrif sjást ef til óhapps kemur.

5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Sjá upplýsingar frá tryggingarfélaginu VIS í meðfylgjandi fylgiskjali.

6. Niðurstaða

Að mati undirritaðs er óveruleg hættu á bráðamengun af völdum þeirrar starfsemi sem fram fer að urðunarstað Dalabyggðar.

Virðingarfyllst,

Axel Valur Birgisson

Mannvit verkfræðistofa

26.10.2011

Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna meðhöndlunar á óvirkum úrgangi, garðaúrgangi og afgangstimbri á fyrrverandi urðunarstað við Búðardal, Dalabyggð.

Starfsleyfishafi er: Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal
Kennitala: 510694-2019

Viðbragðsáætlun

Markmiðið með áætluninni er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á fyrrverandi urðunarstað við Búðardal í Dalabyggð.

Viðbragðsáætlun um aðgerðir ef til mengunaróhapps kemur á urðunarstaðnum er eftirfarandi:

- Ef olía eða önnur spilli- og eiturefni fara vegna slysi í jarðveg skulu starfsmenn urðunarstaðarins moka menguðum jarðvegi upp strax og setja í gám og farið verður með jarðveginn í viðeigandi eyðingu.

Starfsemi urðunarstaðarins miðast við að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til að draga úr afleiðingum þeirra. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg starfsmönnum urðunarstaðarins.

Neyðaráætlun

Markmiðið með áætluninni er að gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða að takmarka hugsanlegan skaða ef urðunarstaðurinn lokar eða neyðist til að draga verulega úr starfsemi staðarins.

Varúðarráðstafanir eru nauðsynlegar ef til lokunar eða til takmörkunar á þjónustu komi, t.d. vegna bruna á urðunarstaðnum, að magn úrgangs sem kemur til urðunar breytist verulega, eða að skyndilega þurfi að loka urðunarstaðnum af öðrum orsökum um lengri eða skemmri tíma.

Neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn byggist á eftirfarandi:

- Urðunarstaðurinn hefur möguleika á að koma úrgangi til Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum í neyðartilfellum en Dalabyggð er einn samstarfsaðila Sorpurðunar Vesturlands.
- Urðunarstaðurinn hefur möguleika á að koma úrgangi til urðunarstaðarins við Ögur í Stykkishólmsbæ en þar er tekið á móti sambærilegum úrgangi og í Dalabyggð.
- Sorpstöðvarnar á Vesturlandi geta leitað í neyðartilfellum til SORPU á höfuðborgarsvæðinu sem rekur urðunarstað á Álfsnesi. Á þetta við um allar tegundir úrgangs sem nú kemur til meðhöndlunar og urðunar að Strönd.

Tekið er fram að nauðsynlegt þykir að samræmdar aðgerðir séu viðhafðar hjá nærliggjandi sorpsamlögum.